

Sögueyjan – the Iland of the Sagas

Social studies in grade 7


Vocabulary list and extraction

Kafli 3

íslenska	enska	Native language
einokunarverslun	monopoly	
einveldi	monarcy	
fundur	meeting	
aflétta	Lift off	
embættismaður	official	
hirðstjóri	governor	
Athöfn	ceremony	
tilgangur	purpose	
undirrita	sign	
skjal	document	
viðurkenna	admit	
sáttmáli	agreement	
ríkisvald	government	
þéttbýli	urban	
viðskipti	commerce	
undirstaða	basis	
kaupauðgisstefna	To increase the profit as much as you can	
efla	reinforce	
Hagnaður, gróði	profit	
útflutningur	export	
innflutningur	import	
tollar	taxis	
nýlenda	colony	
hráefni	Raw materials	
framleiðsla	production	
efnahagslega	economically	
sjálfstætt	independent	
verslunarleyfi	Trade/commercial license	
vöruskipti	barter	
Skreið, þurrkaður fiskur	Stock-fish, dried fish	
lýsi	Fish- oil	
tólg	tallow	
ull	wool	
mjöl	flour	
timbur	timber	
járn	iron	
veiðarfæri	Fishing-gear	
Munaðarvara; kaffi, tóbak	Luxury, such as coffee, tobacco	

sold

bought



Kafli 2: Helstu áherslur

Friðrik þriðji Danakonungur varð einvaldur árið 1661. Á Íslandi var haldin hátíð til að fagna því. Spilað var á hljóðfæri og skotið af fallbyssum. Bjelke, hirðstjóri konungs á Íslandi stjórnaði veislunni og þar voru fulltrúar Íslendinga fengnir til að skrifa nafnið sitt á skjal, þar sem þeir samþykktu að Friðrik Danakonungur væri einvaldur á Íslandi. Þessi hátíð er nefnd Kópavogsfundurinn og var haldinn í Kópavogi sumarið 1662.

Konungar í Evrópu urðu enn valdameiri á 16. og 17. öld. Þeir vildu að löndin þeirra yrðu ríkari og það gerðu þeir með því að reyna að selja öðrum mikið af vörum en kaupa lítið frá öðrum löndum. Markmið konunganna var að löndin þeirra yrðu sjálfstæð og óháð öðrum löndum.

Íslendingar áttu ekki nógu stór skip til að sigla til annarra landa og þess vegna voru þeir háðir útlendingum sem sigldu til landsins til að selja vörur sínar. Íslendingar borguðu vörurnar ekki með peningum, heldur með því sem þeir gátu selt, t.d. ull, lýsi, fiski og í staðinn fengu þeir timbur, mjöl, járn, kaffi o.fl.

Vegna einokunarinnar máttu Íslendingar aðeins versla við danska kaupmenn sem höfðu leyfi til verslunar frá Danakonungi. Stundum komu skip frá Englandi, Frakklandi og Hollandi til Íslands og vildu selja vörur. Ef það komst upp að Íslendingar versluðu við aðra en Dani var þeim refsað.

Það sem var gott við einokunarverslunina var að það var alveg öruggt að skip dönsku kaupmannanna komu á hafnir á mörgum stöðum á Íslandi. Verslunarstaðir voru t.d. í Reykjavík, Vestmannaeyjum, Djúpvaggi, Vopnafirði, Húsavík, Akureyri, Hofsósi, Ísafirði, Stykkishólmi og fleiri stöðum.

Chapter 3: Main emphases

Friðrik, the third was the king of Denmark and in 1661 he became a monarch. This was celebrated in Iceland, in a meeting in Kópavogur, in the end of July 1662. The main purpose of the meeting though, was to sign a document, where the Icelanders admitted the king as their monarch.

The kings all over Europe wanted their countries to become richer and to fulfill that goal, they tried to sell other countries a lot of merchandise, produced in their own countries, but bought as little as they could, from other countries. In that way, they became richer and richer and their countries became economically independent.

Icelanders didn't have big and solid ships that could sail to Europe, and therefore they had to rely on foreign merchants who sailed to the country to sell their merchandise. The Icelanders didn't pay with money, but sold dried-fish, fish-oil and wool and instead they bought timber, flour, iron, coffee and tobacco.

Due to the monopoly, Icelanders were only allowed to trade with Danish merchants, who had a commercial license from the king of Denmark. If the Danish merchants found out they tried to have any trades with ships from other countries, the traders could expect to be punished.

The benefit of the monopoly trade was the certainty that the ships of the Danish merchants arrived each summer at many different ports around Iceland.

Verkefni:

Hver réði yfir Íslandi á 17. öld?

Hvar var haldin hátíð árið 1662?

Merktu satt (S) eða ósatt (Ó):

_____ Á veturna sigldu mörg skip til Íslands.

_____ Íslendingar áttu mikla peninga til að kaupa fyrir.

_____ Danski konungurinn réði yfir Íslandi.

_____ Íslendingar ræktuðu og seldu kaupmönnum kaffi.

_____ Íslendingar borguðu fyrir vörunar með fiski, ull og lýsi.

_____ Íslendingar áttu ekki stór og góð skip.

Hvað þýðir orðið **einokun?** (merktu X við rétt svar)

- A) Að þú mátt versla við alla sem þú vilt.
- B) Að þú mátt borga með peningum þegar þú kaupir vörur.
- C) Að þú mátt bara versla við kaupmennina sem hafa leyfi frá konungi til að versla.
- D) Að þú mátt ekki versla neitt.

